



Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar 2015:

Traust fjárhagsstaða þrátt fyrir neikvæða rekstrarniðurstöðu

Rekstrarniðurstaða Seltjarnarnesbæjar varð neikvæð um 126,7 m.kr. en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir afgangi upp á 6,6 m.kr. Meginskýringin á lakari afkomu, eru miklar launahækkningar umfram þær forsendur sem fjárhagsáætlun byggði á. Nýir kjarasamningar og hækkningar vegna starfsmats á haustmánuðum hækkðu laun og tengd gjöld um 228 m.kr.

Engu að síður sýnir ársreikningur bæjarsjóðs fyrir 2015 trausta fjárhagsstöðu og endurspeglar áfram þann stöðugleika sem einkennt hefur rekstur bæjarins á liðnum árum eins og segir í fréttatilkynningu frá Seltjarnarnesbæ.

Heildarskuldir og skuldbindingar í árslok námu alls 1.753 m.kr. Þar af námu reiknaðar lífeyrisskuldbindingar 1.224 m.kr. en þær hækkðu milli ára um 189 m.kr. Langtímaskuldir námu í árslok 183 m.kr. Veltufjármunir námu í árslok 1.242 m.kr. Veltufjárlutfall í árslok 2015 var 3,2. Skuldahlutfallið er með því lægsta á landinu nú 53%.

Álögum haldið í lágmarki

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri er ánægð með sterka fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Þótt launaútgjöld bæjarins hafi orðið nokkru hærra en gert var ráð fyrir tókst að draga úr öðrum rekstrarútgjöldum á móti. „Ég er afar ánægð að geta lagt fram ársreikning fyrir árið 2015 sem sýnir svo góða fjárhagsstöðu jafnframt því að álögum á íbúana er haldið í lágmarki eins og áður. Ég vil ekki síst þakka okkar frábæra starfsfólki og aga í rekstri þennan árangur.“

Íbúum fjölgar

Íbúar Seltjarnarnesbæjar voru 4.418 í árslok 2015. Íbúum hefur fjölgað lítið eitt á síðastliðnum þremur árum og nemur fjölgun frá árslokum 2012 tæpum 2%. Líkur benda til að íbúum muni fjölga meira á komandi misserum en það mun treysta tekjustofna bæjarins, stuðla að betri nýtingu innviða og styrkja þá stefnu að halda álögum á bæjarbúa jafnan í lágmarki.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórhur Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Bætt úr brýnni þörf

Athygli vekur að flestar íbúðirnar í blokkinni við Hrólfsskálamel 1 til 5 á Seltjarnarnesi seldust nánast um leið og þær komu í sölu. Þótt þær séu mismunandi að stærð og verðlagi er að miklum hluta um stórar og dýrar íbúðir að ræða. Einnig vekur athygli í þessu sambandi að flestir kaupendur þeirra eru Seltirningar – fólk sem búið hefur um lengri tíma á Nesinu en kys nú að hverfa úr stórum einbýlum í minni íbúðir í fjölbýli. Löngum hefur verið haldið fram að erfitt geti verið að hverfa úr stórum húsum á Seltjarnarnesi nema að færa sig í annað byggðarlag þar sem minna húsnæði sé ekki fyrir hendi í bæjarfélaginu. Með blokkarbyggingunum á Hrólfsskálamenn virðist því hafa verið bætt nokkuð úr brýnni þörf en gera má ráð fyrir að enn skorti íbúðir í fjölbýli – bæði fyrir eldra fólk sem vill fara úr stórum húsum og yngra fólk sem er að fjárfesta í sinni fyrstu eign.

Gæslumaður við Gróttu

Nú er varptíminn að hefjast og eru mannaferðir í Gróttu bannaðar frá 1. maí til 15. júlí. Mikilvægt er að veita fuglumun frið til þess að koma ungunum sínum á legg án þess að verða fyrir styggð af manna völdum. Mikil ásókn er jafnan af fólki að fara út í Gróttu og líta þetta náttúrunnar verk eigin augum. Með fjölgun ferðamanna hefur þessi ásókn aukist til muna og dæmi er um að fólk gisti í húsbílum út við Snoppu. Spurning er um hvort tími sé kominn til þess að Seltjarnarnesbær ráði gæslumann til að fylgjast með Gróttu yfir sumartímann. Hlutverk hans yrði að gæta þess að gengið sé vel um og spjöll ekki unnin en einnig að leiðbeina þeim sem vilja sækja Gróttu heim og þá einkum ferðafólki sem þekkir lítið eða ekkert til staðháttu.

Alls seldust 23 íbúðir af 28

Eldri Seltirningar keyptu flestar íbúðirnar



Flestar íbúðirnar í fjölbýlishúsinu 1 til 5 við Hrólfsskálamel seldust á innan við einni viku eftir að þær komu í sölu en húsið hefur verið í byggingu í rúmt ár. „Þessi blokk hefur slegið í gegn. Það stefnir allt í að allar íbúðirnar verði seldar áður en vikunni lýkur,“ sagði Ólafur Finnbogason fasteignasali hjá Miðborg en eignin fór í sölu miðvikudaginn 6. apríl. „Það sem er athyglisverðast við þessar sölu er að flestir kaupendur íbúðanna eru búsettir á Seltjarnarnesi.

Hrólfsskálamelur 1 til 5 var í eigu fasteignafélagsins Upphaf sem aftur er í eigu fjárfestingarsjóðsins Gamma sem er að selja húsið. Í því eru 34 íbúðir en á aðeins nokkrum

dögum hafa 23 þeirra selst. Íbúðirnar eru frá 74 fermetrum og upp í 220 fermetra og verð þeirra allt frá 40 milljónum króna í tæpar 200 milljónir. „Það skemmtilega við þetta er að kaupendur eru upp til hópa eldri Seltirningar sem eru að minnka við sig eða ungt fólk að kaupa sína fyrstu íbúð. Þessi mikla eftirspurn sýnir klárlega að það er mikil eftirspurn eftir húsnæði á Seltjarnarnesi,“ segir Ólafur. Á næstu vikum og mánuðum er gert ráð fyrir að á annan tug eigna kom til sölu á Seltjarnarnesi. Er það um að ræða einbýlishús og raðhús auk íbúða í fjölbýli.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Nesbíúinn



Er ég þá búinn að
missa af íbúð á Melnum?



Miðvikudaginn 20. apríl kl. 16.30 á Eiðistorgi og Bókasafni Seltjarnarness

Kynnir er **Villi naglbítur**.

Kl. 16.30 Tónlistaratriði úr Való og Tónó: Hárið – Nótan – Samfésatriði.

Kl. 17.00 Lúðrasveit verkalýðsins undir stjórn Kára Húnfjörð Einarssonar.

Kl. 17.30-19.00 Sirkus Ísland með Sirkusmiðju í Bókasafninu.

Kl. 16.30-17.30 Andlitsmálun á Eiðistorgi.

Vika bókarinnar 20. - 27. apríl í Bókasafni Seltjarnarness

Alla hátíðina er lögð sérstök áhersla á að kynna fjölbreyttar barnabækur með áherslu á sól, sumar, vináttu og leiki.

27. apríl kl. 17:30

Verðlaunahöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir les úr vinsælum barnabókum sínum.

Leikskólabörn syngja sumarlög undir stjórn Ólafar Maríu Ingólfssdóttur.

Bókasafn Seltjarnarness og Skólabókasafn Grunnskóla Seltjarnarness veita verðlaun fyrir þátttöku í Bókaverðlaunum barnanna.

Kynning á sumarlestri.



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Flytur Sjónvarpsstöðin Hringbraut á Eiðistorgið?



Viðræður standa yfir á milli forsvarsmanna Sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar og Jóns von Tetzchner núverandi eiganda húsnæðisins við Eiðistorg þar sem útibú Íslandsbanka var áður til húsa um að stöðin taki húsnæðið á leigu fyrir starfsemi sína.

Viðræðurnar eru á lokastigi en gert er ráð fyrir að ef um semst muni Hringbraut taka við húsnæðinu nú snemma sumars – jafnvel 1. júní næst komandi. Um er að ræða húsnæðið þar sem afgreiðslusalur útibúsins var auk kjallara þar sem skjala- og peningageymslur bankaútibúsins voru til húsa. Ljóst er að kjallarinn þar sem bankahvelfingin er getur hentað sjónvarpsstöðinni vel fyrir upptökustúdíó.

Verður kaffihús í Blómastofunni?

Til athugunar mun vera að koma á fót kaffihúsi í húsnæði á vestanverðu Eiðistorgi þar sem Blómastofan var lengi til húsa.

Lítill sem engin starfsemi hefur verið í þessu húsnæði frá því

Blómastofan fór þaðan en nú hafa nýir eigendur hug á að koma því í not á ný. Einkum er rætt um kaffihús enda var kaffihús starfrækt í Blómastofunni á sínum tíma.



Í stuði á árshátíð Való.

Árshátíð Valhúsaskóla & Styrktarsýning Hársins

Árshátíð Valhúsaskóla var haldin þann 17. mars síðastliðinn. Þar komu saman allir nemendur skólans eða um 200 talsins ásamt kennurum og starfsfólki Selsins.

Emmsjé Gauti og DJ Jay-O skemmtu liðinu með frábærri tónlist og var stemningin ein sú besta sem sést hefur. Það var sungið, það var hlegið og það var dansað langt fram á kvöld. Auk þess var leiksýning leikhóps Valhúsaskóla, Hárið, frumsýnd með miklum glæsibrag.

Þá má nefna að fimmtudaginn 7. apríl var haldin styrktarsýning í félagsheimilinu og var virkilega gaman að sjá hve margir sáu sér fært á að mæta. Leikhópurinn ákvað í sameiningu að láta allan ágóða renna til Rjóðurs, hvíldar- og



endurhæfingarheimili fyrir langveik og fötluð börn.

www.borgarblod.is



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hværni skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690 netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





Grandavegur 42

**Nýbygging
í Vesturbæ Reykjavíkur !**

Á reitnum verða 141 íbúð á tveimur til níu hæðum en nú hefst sala á 58 íbúðum í 3ja til 4ra hæða byggingum.

Um er að ræða glæsileg fjölbýlishús með lyftu og stæðum í bílageymslu.

Einstök staðsetning í hjarta vesturbæjar Reykjavíkur **við sjávarsíðuna** þar sem stutt er í alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjar Reykjavíkur.

- Svalalokanir
- Ísskápur og uppþvottavél
- Baðherbergi, þvottahús og forstofa flísalögð
- Fataskápar í herbergjum og forstofu
- Þakíbúðir með um 150 fm þakgarði
- 2ja til 4ra herbergja íbúðir
- Stærð íbúða frá 79 fm til 144 fm
- Vel skipulagðar og fjölbreyttar íbúðir
- Einkasala



MIKLABORG

Lágmúla 4 108 Reykjavík www.miklaborg.is 5697000

Nánari upplýsingar veita:



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jonrafn@miklaborg.is



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Páll Þórolfsson
aðstn. fasteignasala
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Barnameningarhátíð á Seltjarnarnesi

Barnameningarhátíð á Seltjarnarnesi verður haldin hátíðleg 20. til 27. apríl n.k. og stefnt er að því að hún verði árviss viðburður. Hátíðin er haldin á sama tíma á Nesinu og í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig mun barnamening ráða ríkjum í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ þar sem boðið verður upp á fjölda viðburða tengdum barna- og unglíngameningu þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Menningarhátíðin á Seltjarnarnesi fer fram miðvikudaginn 20. apríl á Eiðistorgi og í Bókasafninu. Bæjarlistamaður Seltjarnarness, Elsa Nielsen, hefur unnið með nemendum í leik- og grunnskólum að sýningum sem verða opnaðar á Eiðistorgi og standa yfir alla hátíðina. Við opnunina flytja Valhýsingar tónlistaratriði úr leiksýningunni Hárinu auk þess sem framlag Tónlistarskóla Seltjarnarness til Nótunnar verða flutt og lag grunnskólanema sem fór í Samfés söngkeppnina.

Lúðrasveit verkalyðsins undir stjórn Kára Húnfjörð Einarssonar leikur á Eiðistorgi en kynnir er hinn vinsæli skemmtikraftur Villi naglbitur. Í Bókasafninu verður börnum

boðið upp á Sirkussmiðju með Sirkus Íslands og andlitsmálun verður á Eiðistorgi. Hátíðahöldin hefjast kl.

16:30 og standa til kl. 19.

Bergrún Íris les úr barnabókum sínum

Alla hátíðina er lögð sérstök áhersla á að kynna fjölbreyttar barnabækur með áherslu á sól, sumar, vináttu og leiki í Bókasafninu en þar verður einnig kynning á sumarlestri, sem jafnan er vinsæll meðal yngri gesta safnsins. Barnameningarhátíðinni lýkur miðvikudaginn 27. apríl en þá kemur verðlaunahöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir í Bókasafnið og les úr vinsælum barnabókum sínum. Elstu börn leikskólans syngja sumarlög undir stjórn Ólafar Maríu Ingólfssdóttur og Bókasafn Seltjarnarness og Skólabókasafn Grunnskóla Seltjarnarness veita verðlaun fyrir þátttöku í Bókaverðlaunum barnanna.



Daði og Theresa sýna í Gallerí Gróttu

Tveir þekktir listamenn sýna nú í Gallerí Gróttu með skömmu milli-bili. Það eru þau Daði Guðbjörnsson sem sýnir þessa dagana málverk og á eftir honum kemur Theresa Himmer sem opnar sýningu á ljósmyndaverkum 4. maí n.k.




Daði hefur þegar skipað sér á bekk með athyglisverðustu myndlistarmönnum sinnar kynslóðar. Hann hefur farið ótroðnar slóðir í listsköpun sinni og skapað sér sérstæðan og persónulegan stíl þar sem hugmyndir, tákni og tilvitnanir eru honum óþrjótandi viðfangsefni. Sýningin Daða stendur til 29. apríl. Nokkrum dögum síðar eða miðvikudaginn 4. maí verður opnuð í Gallerí Gróttu sýning á verkum listamannsins og arkitektsins Theresu Himmer. Um er að ræða nýleg ljósmyndaverk. Theresa er m.a. kunn fyrir stórar innsetningar úr palléttum, sem þrýtt hafa vegggafla í Reykjavík. Hún er einnig hönnuður að barnastofunni í Bókasafni Seltjarnarness.



Landsbankinn greiðir arð til samfélagsins

Arðgreiðslur Landsbankans í milljörðum króna.



og greiðir á fjórum árum
samtals 82 milljarða í arð,
þar af rúmlega 98% til ríkissjóðs.



Laugardaginn 30. apríl kl. 15.30-17.30

Lolla trúbador flytur vel valin lög og gamanmál

Harmonikkuleikarinn Flemming Viðar leikur af sinni alkunnu snilld

Vitinn verður opinn og hægt að fara upp á topp

Flugdrekasmiðja undir stjórn Ásdísar Kalman

Líffræðingar skoða sjávardýr með börnum í nýjum víðsjám

Rjúkandi vöflukaffi

Andlitsmálun

Krakka- og fjölskyldujóga

Sýning á meistarahönnun Sigurjóns Pálssonar á fuglum og hvölum

Ljósmyndakeppni - veitt eru verðlaun fyrir frumlegustu myndina sem tekin er ofan úr vitanum

Ofurmenni úr Kite Surfing félaginu leika listir sínar ef veður og vindátt leyfir

Tilvalið er að taka með sér fötur, skóflur og poka og safna dýrgripum úr fjörunni.

Félagar úr Björgunarsveitinni Ársæli munu sjá um að ferja fótafúna yfir eiðið. **Allir velkomnir!**



Myndlistarmaðurinn og Seltirningurinn Guðrún Einarsdóttir mun opna málverkasýningu í sýningarrýminu í Nesi (áður fyrirhuguðu Lækningaminjasafni) kl. 13 þennan sama dag. Sýningin stendur til 16. maí og verður opin daglega frá kl. 13-17.



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Vorið er komið - Gróttudagurinn er 30. apríl

Fjölskyldudagur verður haldinn í Gróttu laugardaginn 30. apríl kl. 15:30 til 17:30. Ein af traustustu vísbendingum þess að sumarið sé á næsta leyti er hinn árlegi fjölskyldudagur í Gróttu. Eitt helsta aðdráttaraflíð á Gróttudeginum er sjálfur Gróttuviti en þetta er eini dagur ársins þar sem gestum og gangandi er boðið að ganga upp í hann og njóta hins óviðjafnanlega og óskerta útsýnis sem þar er að finna. Þá er hægt að kaupa vöfluveitingar á sanngjörnu verði og þéttskipuð dagskrá er í boði fyrir börn og fullorðna.

Meðal þess sem boðið er upp á fyrir börnin er krakkajóga, flugdrekasmíðja og andlitsmálun auk þess sem líffræðingar bjóða upp á frábæra aðstöðu til að rannsaka og spá í lífríkið sem finna má í fjörinni við Gróttu. Hin góðkunna leikkona og skemmtikraftur Lolla, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, mun flytja vel valin lög á gítarinn sinn og syngja



með. Hinn flinku harmoníkuleikari Flemming Viðar Valmundsson þenur hljóðfærið undir berum himni og sýning verður á hinum einstöku vaðfuglum og annarri nýrri hönnun Sigurjóns Pálssonar. Sr. Bjarni Þór Bjarnason býður Gróttugestum upp á hugvekju og söng um vorið í Albertsbúð kl. 15:15. Ef veður og vindar leyfa munu snillingur úr brimbrettafélaginu Kite Surfing leika listir sínar fyrir opnu hafi.

Verðlaun verða veitt fyrir

frumlegustu Gróttumyndina sem tekin er úr Gróttuvita. Félagar úr Björgunarsveitinni Ársæli munu sjá um að ferja fótafúna yfir eiðið.

Athygli gesta er vakin á því að myndlistarmaðurinn og Seltirningurinn Guðrún Einarsdóttir mun opna málverkasýningu í sýningar-rýminu í Nesi (áður fyrirhuguðu Lækningaminjasafni) kl. 13.00 þennan sama dag. Sýningin stendur til 16. maí og verður opin daglega frá kl. 13 til 17.

Hljóðmerki við öll gönguljós

Búið er að skipta út öllum gönguljósaðhöppum á Seltjarnarnesi og hafa nýir kassar verið settir upp.

Þeir eru núna allir með hljóðmerki til að auðvelda sjónskertum að fara yfir göturnar og staðsetja sig í umhverfinu.



Öll rúnstykkki á



Fagmenska tryggir gæðin

80 kr. stk

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is



Mercedes-Benz B-Class Þægindi og öryggi í fyrirrúmi

Í Mercedes-Benz B-Class nýtur þú einstakra þæginda og öryggis. Þú situr hærra en í flestum fólksbílum sem auðveldar aðgengi og bætir yfirsýn. Ríkulegur öryggisbúnaðurinn stuðlar að því að hver einasta ferð verður eins þægileg og kostur er. Lágur mengunarsuðull tryggir lægri bifreiðagjöld og um leið frábært verð fyrir bifreið í þessum gæðaflokki og sparneytnin heldur rekstrarkostnaðinum í lágmarki.

Þessi vinsæli bíll er framhjóladrifinn og er einnig fáanlegur með 4MATIC fjórhjóladrifi. Hann fæst sjálfskiptur eða beinskíptur og er í boði með bensín-, dísil- og metanvéllum.

B 160 með 7 þrepa sjálfskiptingu

Verð frá 4.800.000 kr.

Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.



Viðtal við Gunnlaug A. Jónsson

Mikilvægt að rækja tengsl við menningu fortíðar

„Sú neikvæða mynd sem oft er dregin upp af þjóðkirkjunni í fjölmiðlum kemur ekki heim og saman við reynslu mína af kirkjulegu starfi hér í Seltjarnarnessókn. Hér er unnið mikið og gott starf með mikla menningarlega og samfélagslega skírskotun,“ segir dr. Gunnlaugur A. Jónsson prófessor í guðfræði þegar hann er inntur eftir því í spjalli við Nesfréttir hvort hann telji kirkjuna eiga í vök að verjast hér á landi. „Ég tel að kirkjan hér standi fyrir hefðbundinn og hófstilltan kristindóm þar sem kærleikurinn er í öndvegi. En vissulega er rétt að þjóðkirkjan stendur í nokkrum mótbyr um þessar mundir. Það dylst ekki að markvisst er unnið gegn henni, oft með býsna hatrömmu orðalagi af fólki sem segist andvígtrúarbrögðum yfir höfuð og hefur mótað sér lífsskoðun með því hugarfari. Stundum finnst manni það fólk stunda trúarbrögð undir öfugum formerkjum, enda tekur það upp fjölda þeirra athafna sem sú kirkja sem það gagnrýnir svo mjög hefur stundað um aldir. Gagnrýni þessi breytir í mínum huga því ekki að kirkjan hefur afar mikilvægu hlutverki að gegna í okkar samfélagi eins og frá upphafi kristni hér á landi og ég er sannfærður um að svo verður áfram. Hún á auk þess að standa fyrir hefðbundnu kirkjustarfi og helgihaldi að sinna réttlætis-, mannúðar- og líknarmálum sem er í fullu samræmi við grundvallarboðskap ritningarinnar. Hún hefur enda um aldir verið í forystuhlutverki á sviði mannúðarmála, menntunar og menningar.“

Gunnlaugur fluttist fyrst á Seltjarnarnes með fjölskyldu sinni þegar hann var 13 ára að aldri eða á Þorláksmessu árið 1965. Hann kveðst hafa búið á þremur stöðum á Nesinu: Fyrst við Skólbraut 61 sem nú er Valhúsabraut 35, síðan á Miðbraut 1 og í Bollagörðum 61 frá árinu 1997. Foreldrar hans voru Jón Gunnlaugsson læknir og Selma Kaldalóns tónskáld og er hann einn úr hópi níu systkina. „Fyrstu árin ólst ég upp á Selfossi þar sem faðir minn starfaði sem læknir og var ég tólf ára þegar fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur og síðan út



Umhverfi fræðimannsins. Dr. Gunnlaugur A. Jónsson í vinnustofu sinni í Háskóla Íslands
Mynd: Kristinn Ingvarsson.

á Seltjarnarnes eftir að faðir minn hafði komið þar upp húsi sínu á Skólbraut 61 á tæpu ári, þar sem nú býr góður vinur minn og samherji m.a. í hinu kirkjulega starfi, Ólafur Egilsson, fyrrverandi sendiherra. Móðir mín spilaði mikið á píanó og samdi tónlist þrátt fyrir stórt og annasamt heimili, enda átti hún ekki langt að sækja þá hæfileika, en hún var dóttir Sigvalda Kaldalóns læknis og tónskálds. Hún gaf meðal annars út tvær plötur með eigin lögum. Meðal söngvara sem unnu náð með mömmu má nefna Elísabetu Eiríksdóttur, okkar ágætu söngkonu hér á Seltjarnarnesi.“

Barnabörnin gefa lífinu mest gildi

Dr. Gunnlaugur er kvæntur Guðrúnu Helgu Brynleifsdóttur, hæstaréttarlögmanni og rekstrarhagfræðingi sem var virk í bæjarpólitík á tímabili og var oddviti Neslistans í tvö kjörtímabil. Dóttir þeirra er Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst, gift Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrrverandi varaformanni Samfylkingarinnar, gamal-

grónum Seltirningi og eiga þau þrjár dætur. Sonur þeirra er Jón A. Gunnlaugsson sem rekur fyrirtækið Greitt hf. í Nýsköpunarsetrinu á Eiðistorgi. Kvæntur Hjördísi Evu Þórðardóttur, sálfræðingi, starfsmanni Unicef á Íslandi og eiga þau tvo syni. „Við erum í mjög góðum og reglulegum samskiptum við börnin og barnabörnin fimm og líklega eru það þau sem gefa lífinu mest gildi.“

Mikilvægi Nesstofu í sögu Seltjarnarness

Dr. Gunnlaugur segir gott að búa á Seltjarnarnesi. „Hér er fallett náttúrulegt umhverfi sem enn er mikið til óspillt, fögur fjallasýn og ágætt mannlíf,“ segir dr. Gunnlaugur Eftir nokkurra ára búsetu í Reykjavík á námsárum í Háskóla Íslands og sjö ár í Svíþjóð, þaðan sem hann lauk doktorsprófi frá Lundarháskóla, fluttist hann aftur á Nesið 1988 með fjölskyldu sinni og segist nú hvergi vilja búa frekar en þar. Hann tekur undir með gömlum kennara sínum og Rótarýfélaga Heimi Þorleifssyni heitnum sagnfræðingi sem sagðist finna svo vel til fortíðar á Seltjarnarnesi. Og Gunnlaugur bætir við: „Mér finnst mikilvægt að við

rækjum tengslin við liðna tíð hér á Seltjarnarnesi um leið og stöðugt þarf að hugsa til framtíðar. Nesstofa er okkur áminning um mikilvægi staðarins, þar bjó Bjarni Pálsson fyrsti landlæknir okkar og þar voru fyrstu ljósmæðurnar menntaðar til starfa. Þar var líka kirkja um aldir og kirkjugarður. Bjarni landlæknir var trúrækinn maður, eins og lesa má í ævisögu hans, og þessi samleið kirkju og heilsugæslu í Nesi er nokkuð sem hefur einkennt kristni frá fyrstu tíð. Nú eru meira en fjörutíu ár liðin frá því faðir minn Jón Gunnlaugsson læknir hóf baráttu fyrir því að hjúkrunarheimili yrði reist í Nesi og loksins hillir undir að sá draumur rætist. Með því yrði til góð tenging nútíma og framtíðar við hina mikilvægu sögu Ness við Seltjörn. Þar ættum við líka að hafa kirkjugarð eins og kallað hefur verið eftir. Hann myndi ekki spilla neinu útsýni og það er varla til svo aamt bæjarfélag á landinu að það ráði ekki yfir eigin kirkjugarði. Frá öllum þeim stöðum þar sem ég hef búið á Seltjarnarnesi er fallett fjallasýn: Keilir, Snæfellsjökull og Esjan. Mér fannst líka ágætt að búa í Lundi. En landslagið á Skáni er allt annað en hér. Marflatt eins



Myndin er tekin við grátmúrinn í Jerúsalem með nokkrum íslenskum félögum í nóvember á liðnu ári. Mynd: Guðrún H. Brynleifsdóttir

og í Danmörku. Þótt mér liði vel þar leitaði alltaf á mig að eitthvað vantaði. Það var fjallasýnina sem ég saknaði.“

Seltjarnarneskirkja er ekki aðeins sunnudagskirkja

Dr. Gunnlaugur segir að kirkjan á Seltjarnarnesi eigi í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og samfélagið. „Bæjarfélagið heldur menningarhátíð annað hvert ár en hitt árið stendur kirkjan fyrir listahátíð. Bæjarfélagið hefur alltaf stutt við listahátíðina sem við höfum haldið frá árinu 1992. Kirkjan okkar á Valhúsahæðinni er eitt af þremur kenileitum bæjarins. Hin eru Gróttu og Nesstofa. Hér á Seltjarnarnesi bjó Geir biskup Vídalín á sínum tíma. Hann var nefndur Geir biskup góði sökum manngæsku sinnar. Hann var fyrsti forseti Hins íslenska

bíblíufélags sem í fyrra fagnaði 200 ára afmæli sínu.“ En dr. Gunnlaugur hefur verið stjórnarmaður í því félagi í um tíu ár, og einnig setið í sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju síðan 1995 og verið formaður listahátíðarnefndar kirkjunnar frá 1996. „Kirkjan er ekki bara Guðshús, hún er jafnframt menningarhús bæjarins og gegnir mjög mikilvægu starfi. Hún er svo langtum meira en sunnudagskirkja. Þóandi mannlíf er í kirkjunni nær alla daga vikunnar, fyrir aldraða og unga og þar fer fram menningarstarf af ýmsum toga. Dr. Gunnlaugur starfar einnig með Rótarýklúbbnum á Seltjarnarnesi sem var stofnaður 1971 en Jón Gunnlaugsson, faðir hans var fyrsti forseti klúbbsins og hefur Gunnlaugur verið félagi þar síðan 1996. Hann segir klúbbinn mikilvægan vettvang samtals ólíkra starfsgreina. „Þetta er klúbbur sem vill láta

gott af sér leiða bæði í alþjóðlegu samstarfi hreyfingarinnar sem og hér á Nesinu. Klúbburinn lagði t.d. sitt af mörkum við uppbyggingu Nesstofu og stendur fyrir verndun fornra minja í Gróttu með uppbyggingu á Albertsbúð og bryggjunni gömlu þar auk þess sem hann er í góðu samstarfi við skólana í bæjarfélaginu. Eftir að faðir minn lét af störfum kominn nokkuð á áttæðisaldur og var orðinn ekkjumaður voru kirkjan og Rotarýklúbburinn þeir staðir sem hann sótti einkum, voru honum athvarf í ellinni.“

Séra Sigurður hafði áhrif á mig

Dr. Gunnlaugur er með doktorspróf í gamltestamentisfræðum frá Lundaarskóla og hefur starfað sem prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1995 en hafði áður starfað þar samfellt sem skrifstofustjóri og stundakennari frá 1988 og raunar kennt stundakennslu þar löngu áður. En hvað var það sem ýtti honum í guðfræðina á sínum tíma. „Það var ýmislegt sem vakti áhuga minn á guðfræði. Ég var í fornmaladeild í menntaskóla og þar voru latína og saga mínar uppáhaldsgreinar og þaðan er ekki langt skref yfir í guðfræðina með alla sína sögu og fornmalánám; grísku og hebresku. Ég hafði hlotið trúarlegt uppeldi frá barnæsku einkum hjá föður mínum sem lagði áherslu á kristilegt uppeldi og var m.a. í nefnd sem beitti sér fyrir stofnun sjálfstæðrar kirkjusóknar á Seltjarnarnesi og tók ótullega þátt í uppbyggingu kirkjunnar hér. Á Selfossi hafði myndast náði samband og vinátta með honum og séra Sigurði Pálssyni sem síðar varð vígslubiskup, föður Sigurðar Sigurðssonar sem einnig varð vígslubiskup. Sumarið eftir stúdentspróf fór ég að huga að framhaldinu og þá stóð valið á milli sagnfræði og guðfræði. Ég hef áður sagt og ég get staðið við það

að kynnin af séra Sigurði komu þar einnig við sögu. Mér fannst hann vera hin sanna ímynd prestsins. Ég hafði líka sótt barnastarf hjá norskum hvítasunnnumanni sem bjó á Selfossi. Þar fannst mér ekki um eiginlegt trúboð að ræða heldur var þetta meira félagsstarf eins og það gerist í félagsmiðstöðvum. Ég bjó því að ákveðnum trúarlegum bakgrunni og jákvæðri afstöðu til kirkju og kristinnar og þegar þetta lagðist á eitt með hinum fræðilega áhuga á fornri sögu og fornmalum varð guðfræðin fyrir valinu. Hebreskan heillaði mig síðan sérstaklega þegar í guðfræðideildina var komið og var mér ótrúlega snemma trúað fyrir kennslu í henni. Þaðan lá bein leið yfir í það að helga sig Gamla testamentinu sem er að langmestu leyti skráð á hebresku.“

Blaðamaður í rúm þrjú ár

Þrátt fyrir mikinn áhuga á guðfræði hefur dr. Gunnlaugur aldrei starfað sem prestur heldur haldið sig við fræðimennskuna og kennslustörf. Hann tók einnig nokkra lykku á leið sína eftir að hafa lokið guðfræðisprófi hér heima. „Ég hafði hugsað mér að fara í framhaldsnám en aðstæður heima fyrir höguðu því þannig til að það hentaði að bíða aðeins. Kona mín var enn að sinna sínu lögfræðinámi og hafði á námsárum eignast okkar fyrra barn. Ég varð því að fá mér vinnu þar til aðstæður sköpuðust til utanfarar. Ég sá auglýst eftir blaðamanni til starfa við DB og sótti um. Ég fékk starfið og vann sem blaðamaður undir handleiðslu annars Seltirnings Jónasar Kristjánssonar ritstjóra í rúm þrjú ár. Þar rættist gamall draumur því þegar á unga aldri hafði ég talað um að ég vildi verða blaðamaður „þegar ég yrði stór“. Í blaðamennskunni lærði ég að vinna undir tímapressu, að greina aðalatriði frá aukaatriðum, og hefja fréttir þannig að áhuga vekti. Þetta var mér dýrmæt reynsla

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



og erlendar fréttir og útlitsteiknunar („lay out“) voru meðal þess sem ég hafði miklar mætur á. Þarna lærði ég einnig hvað hugtakið „deadline“ eða lokafrestur merkti sem kom sér vel að kunna að nota. Ég notfærði mér þá reynslu þegar mér fannst doktorsnámið dragast á langinn. Ég ræddi því við minn sænska leiðbeinanda um mikilvægi þess að setja sér „deadline“ og það var haustið 1987 sem ég stakk uppá að ég setti stefnuna á vörn doktorsritgerðarinnar 7. maí 1988, en það var brúðkaupsdagur foreldra minna. Leiðbeinandi minn gaf grænt ljós á það en bætti við að ég ætti strembinn vetur framundan. Það reyndist svo en hafðist blessunarlega.“



Nesstofa máluð af Selmu Kaldalóns, móður Gunnlaugs, í kringum 1970. Myndin sýnir bæði listrænar taugar Selmu sem fékkst einkum við tónsmíðar, eins og Sigvaldi faðir hennar, en er jafnframt um að Nesstofa leit þá nokkuð á annan veg út en nú í dag.

Stórt ritverk fyrir rúmu ári

Dr. Gunnlaugur lét eðlilega ekki staðar numið í rannsóknum sínum með doktorsritgerðinni 1988 heldur hélt svipuðum rannsókn-um áfram, einkum á sviði sem honum fannst vanrækt og það var síðari tíma notkun og áhrif biblíu-textanna innan ritskýringarinnar. Í ársbyrjun 2015 kom út stærsta rit dr. Gunnlaugs til þessa – um 630 blaðsíðna ríkulega myndskreytt bók um Áhrifasögu Saltarans eða Davíðssálma eins og þeir eru skráðir í Gamla testamentinu. Ritið fékk strax góðar viðtökur og meðal annars var fullt hús á útgáfufagnaði þess í Seltjarneskirkju í janúar 2015. En af hverju fór hann af stað með fræðirit um Davíðssálmana. „Meginmarkmið mitt með þessu riti var að sýna fram á hin margvíslegu menningarlegu áhrif Saltarans þ.e. Davíðssálmana í sögu og samtíð. Ég lét hinn hefðbundna fornfræðilega þátt ekki nægja heldur sýndi t.d. fram á mikil áhrif sálmana í kvikmyndum, myndlist og tónlist í nútímanum, sem og á íslenskt mál, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þjóðsöngur okkar er til dæmis ortur út frá 90. Sálmur Saltarans og lagið við hann gerði Sveinbjörn Sveinbjörnsson, tónskáld sem var fæddur í Nesi við Seltjörn. Efnið í Áhrifasögu Saltarans er afar

umfangsmikið og vitnar um ótrúlega víðtæk áhrif Sálmana á flestum sviðum mannlífsins, jafnt í gyðingdómi og kristni.“

Jerúsalem er uppáhaldsborgin

Dr. Gunnlaugur kvæðst hafa séð dæmisöguna kunnna um miskunn-sama Samverjann í nokkuð nýju ljósi þegar hann ók eitt sinn frá Jerúsalem niður til Jeríkó og þá er komið að öðru áhugamáli og þætti í lífi hans sem eru ferðalög. „Ég hef ferðast talsvert og sumt hefur tengst rannsóknum mínum á Biblíunni og kristindómnum. Róm og Flórens finnst mér t.d. mjög heillandi borgir með allri sinni miklu menningarsögu. Uppáhaldsborgin mín er þó tvímælalaust Jerúsalem, þar er sagan og þau fræði sem ég hef stundað er við hvert fótmál. Ég var þar síðast í febrúar s.l. og þar á undan í nóvember á s.l. ári og er strax farið að langa til að komast þangað aftur. En vitaskuld á ég fleiri áhugamál. Ég er til dæmis áhuga-maður um fótbolta. Spilaði sjálfur dálítið sem strákur með Selfossi og KR. Og hef frá unga aldri haft

taugar til enska knattspyrnuliðsins Tottenham, missi helst ekki af leik liðsins, og hef hin síðari árin skroppið nokkrar ferðir til London til að sjá leiki liðsins í návígi. Þá hef ég síðasta einn og hálf áratuginn eða frá aldamótum staðið fyrir kvikmyndaklúbbnum Deus ex cinema, fyrst með nokkrum nemenda minna en gegnum tíðina hafa ýmsir best við, t.d. myndlistarmenn og kvikmyndafræðingar, en saman skoðum við kvikmyndir vikulega einkum með það í huga að leita að og ræða hin trúarlegu og siðferðilegu stef í myndunum. Myndirnar sem við höfum horft á í þessum tilgangi eru nú meira en eitt þúsund talsins, höfum einnig skrifað bækur og greinar um efnið.“

Gamla testamentið og nútíminn

Að lokum er ekki úr vegi að spyrja dr. Gunnlaug í ljósi þeirra atburðarásar sem átt hefur sér stað í Austurlöndum nær, nú síðast í Sýrlandi að hvað miklu leyti Gamla testamentið sé grunnur að baráttu í þessum heimshluta. Hann segir hæpið að halda því fram að Gamla testamentið hafi þar áhrif eða eigi einhverja sök. Sögusviðið sé vissulega kunnuglegt úr hinu hebreska ritsafni og þar megi finna heimildir um styrjaldir á svipuðum slóðum og elstu heimildir sögunnar um t.d. gyðingaofsóknir, í 2. Mósebók og Esterabók. Bæði gyðingdómur og kristindómur byggja á ritum Gamla testamentisins og það sem skilji einkum á milli þeirra sé koma Messíasar því Gyðingar hafi ekki viðurkennt Jesú Krist sem Messías heldur bíði enn eftir komu hans. Þá megi einnig finna ákveðin áhrif Gamla testamentisins í Kóraninum

trúarbók múslima.

„Mér kemur oft í hug að Þórir Kr. Þórðarson, velunnari minn og fyrirrennari á kennslustóli gamlatestamentisfræða í Háskóla Íslands, sagði eitt sinn við okkur nemendur sína að Halldór Laxness hafi einhverju sinni sagt að Gamla testamentið væri ekki eins leiðinlegt og það Nýja. Ég hef nú ekki fundið þetta í bókum Halldórs en get tekið undir að Gamla testamentið í öllum sínum fjölbreytileika heillar mig meira, og kannski ber mér sem kennara á því fræðasviði á segja það,“ segir Gunnlaugur brosandí og bætir við: „Gamla testamentið er raunsætt rit sem lýsir lífinu, fegurð þess og grimmd eins og það kemur fyrir. Réttur og réttlæti eru lykilhugtök hjá spámönnunum og þjóðfélagsboðskapurinn sem þeir flytja er mjög áhrifaríkur. Þórir Kr. hafði mikið lag á að „heimfæra“ boðskap þessara fornu rita til samtíma okkar. Þegar hann sat á árunum 1962 til 1970 í borgarstjórn Reykjavíkur vann hann ótullega að því að móta félagskerfi Reykjavíkurborgar og er almennt viðurkennt að hann sé hugmyndafræðingurinn að baki Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Að því máli sagði hann mér, að hann hefði fyrst og fremst unnið sem biblíufræðingur.“

Seltjörnin og stríðsmenn faraós

Dr. Gunnlaugur lítur út um gluggann og horfir yfir Esjuna. Ég eyddi mínum fyrstu árum á Selfossi við Ölfusá og útsýni til Ingólfsfjalls. Ég hef á einhvern hátt ánetjast fjöllum og stundaði reglulega fjallgöngur á árum árum og hef það að markmiði í sínu og að taka þráðinn markvisst upp á ný í þeim enum. Ég er líka í hópi sem hefur gengið að Strandarkirkju í Selvogi á hverju sumri frá 1990. Seltjarnarnes og Selvogur eiga það sameiginlegt að hafa nafn selsins innbyggt í nafni sínu. Það minnir á íslenska þjóðsögu sem kennir að selirnir séu afturgengnir stríðsmenn faraós sem drukknuðu í Rauða hafinu forðum er þeir eltu Hebreana sem voru á flótta úr þrælahaldinu í Egyptalandi (2Mós 13-15). Þannig lifa frásagnir í Gamla testamentinu oft með breyttum og skemmtilegum hætti í nýju umhverfi þannig að jafnvel Seltjörnin skapar hugrenningatengsl við þetta mikla ritsafni. Áhrifasögu þess finnst mér heillandi að kanna. Um áhugann á fjöllumunum má bæta við því að ég hef oft sagt að uppáhaldsálmur minn í Biblíunni sé 121. sálmur Saltarans sem hefst á orðunum: „Ég hef augu mín til fjallanna. Hvaðan kemur mér hjálp? ...“



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is



Sverrir Kristinsson, löggr. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, löggr. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, löggr. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, löggr. fasteignasali | Geir Sigurðsson, viðskiptafræðingur, löggr. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, löggr. leigumillari, löggr. fasteignasali | Magna S. Sverrisdóttir, MBA, löggr. fasteignasali | Þórarinn M. Friðgeirsson, löggr. fasteignasali | Reynir Björnsson, hagfræðingur, löggr. fasteignasali | Guðlaugur L. Guðlaugsson, löggr. fasteignasali | Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fasts. | Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggtullur fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjalðkeri | Elín Þorleifsdóttir, ritari | Asís H. Júlíusdóttir, ritari | Anna M. Sigurðardóttir, ritari

Óskum eftir:

Einbýlishús á sjávarlóð óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 300-500 fm einbýlishús á sjávarlóð á Seltjarnarnesi. Sterkar greiðslur eru í boði fyrir rétta eign. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson fasteignasali.

Raðhús óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 200-350 fm raðhús á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar veitir Magna S. Sverrisdóttir fasteignasali.

Einbýlishús óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 200-300 fm einbýlishús á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson fasteignasali.

Sérhæð óskast

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar 120-200 fm sérhæð á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar veitir Magna S. Sverrisdóttir fasteignasali.

Hrólfsskálamelur 1–5, Seltjarnarnesi



- 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir.
- Stærð frá 73 fm upp í 212 fm.
- Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðunum.
- Glæsilegt útsýni m.a. sjávar- og fjallasýn.
- Skóli og leikskóli í göngufæri.
- Örstutt í þjónustu m.a. í verslanir, heilsurækt og sundlaug.
- Vandaðar innréttingar hannaðar af Berglindi Berndsen og Helgu Sigurbjarnadóttur.
- Frábær staðsetning.



Bókið skoðun hjá:

Magna S. Sverrisdóttir fasteignasali, s: 861 8511, magna@eignamidlun.is
Reynir Björnsson fasteignasali, s: 895 8321, reynir@eignamidlun.is



Bandaríkjamaður kaupir Kjarvalshúsið



Kjarvalshúsið við Sæbraut 1 á Seltjarnarnesi hefur verið selt. Kaupandinn er William Oliver Luckett bandarískur viðskiptamaður, listaverkasafnari og um tíma framkvæmdastjóri the Audience. Húsið við Sæbraut 1 er jafnan kallað Kjarvalshús en það var sérsmíðað fyrir Jóhannes S. Kjarval listmálara árið 1969 sem fékk það að gjöf frá íslensku þjóðinni.

Markmiðið með byggingu þess að búa honum huggulegt heimili og góða vinnuáðstöðu. Kjarval kaus þó að flytja ekki í húsið og var það nýtt meðal annars sem aðstaða fyrir þroskahefta. Húsið hentaði þó ekki allskosta til umönnunar- og sérkennslustarfsemi og var selt árið 1991. Kaupendur þess voru hjónin

Högni Óskarsson, geðlæknir og Ingunn Benediktsdóttir, glerlistakona og yogakennari.

Högni rakti tildrög þess að þau festu kaup á húsinu í viðtali við Nesfréttir fyrir nokkrum árum. Hann sagði aðdragandann þann að þau hjónin hafi oft farið í ökuferðir um Nesið og þá komið auga á hús við austari enda Sæbrautarinnar sem þeim fannst dálítið geggjað. „Húsið var í eigu ríkisins og við fréttum svo af því að ætlunin væri að selja þetta hús sem var í umsjón menntamálaráðuneytisins og Listasafns Íslands. Við settum okkur í samband við Beru Nordal sem þá var forstöðumaður safnsins til að tryggja aðkomu okkar að sölufurðinu. Svo lásúm við í fréttum

um páska að Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi fjármálaráðherra hafði látið Sláturfélag Suðurlands hafa húsið í makaskiptum fyrir byggingar sem það átti á Kirkjusandi þar sem Listaháskóli Íslands er nú til húsa. Okkur varð fljótt ljóst að sláturfélagið myndi ekki að eiga húsið til frambúðar svo Ingunn tók af skarið, settist að Steinþóri Skúlasyni, forstjóra og keypti húsið, sagði Högni í viðtalinu. Hann sagði að á sínum tíma hafi verið steypdur garður við sjóinn þar sem Sæbrautin liggur nú. Fiskur hafi verið verkaður á þessu svæði á vegum Thorsaranna og á einhverjum tíma hafi verið farið með nautgripi frá Korpúlfsstaðabúinu þangað til þess að nýta beitarnalund á Seltjarnarnesi. Tæpast sést móta fyrir garðinum lengur og leifar hans voru urðaðar undir sjóvarnargarð í kjölfar stórviðrisins. Húsið er teiknað af Þorvaldi S. Þorvaldssyni arkitekt. Hann teiknaði húsið með sérþarfir Kjarval í huga. Stofa hússins var til dæmis ætluð sem vinnustofa listamannsins en hún er 110 fermetrar að stærð með fimm metra lofthæð. Í stofunni eru risastórir gluggar með útsýni út á haf. Húsið er 443 fm að stærð. Í húsinu eru sex herbergi, arinn, stórar stofur og einstakt útsýni út á haf en

húsið stendur á sjávarlóð. Húsið fékk sérstaka umhverfisviðurkenningu frá Seltjarnarnesbæ árið 2014.

Nýjung hjá Snyrtistofunni Leilu



Nýjung hjá Snyrtistofunni Leilu Eiðistorgi annari hæð, ítölsku töskurnar beint frá Milánó, voru að koma. Vandaðar leðurtöskur frá La Carrie, í miklu úrvali.



Hæg breytileg átt!



Öflugar VORHREINGERNINGAJURTIR

– 20% AFSLÁTTUR TIL 1. MAÍ

Mjólkurþistill – fyrir lifrina
Túnffíls/króklöppu rót – fyrir gallið
Túrmerk – gegn bólgum
Meltingarensím – létta meltingu
Kálfanesnetla/klórella – blóðhreinisandi
Fjallagrös – mýkja magann
Entorsgel – fyrir ristilinn
DetoxLove – gegn nartþörf



MANDUKA eKO fislétt!

Frábær í ferðalagið

Aðeins 900 gr.
Hægt að brjóta saman.

Verð: 8.900 kr.



FLOTHETTAN

– búðu þig undir gott sumar!

Hafðu með innanlands sem utan og njóttu frísins miklu betur.

3 litir.



MÖNTRU ARMBÖND!

Margar gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7.500 kr.



Májá bjóða þér þeyting, skot og súrdeigssamlöku?

Vinsælasta tríóið í Systrasamalaginu.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.

www.facebook.com/Systrasamlagið

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.

Þri. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.

Ormar fjallar um Eiðistorgið í bókasafninu



Eiðistorgið hjarta Seltjarnarness verður í brennidepli í fyrirlestri Ormars Þórs Guðmundssonar arkitekts í bókasafninu á Seltjarnarnesi 3. maí nk. en hann er hönnuður torgsins. Seltirningar hafa margir hverjir styrkar skoðanir á verslunar- og þjónusturýminu á Eiðistorgi en eins og flestum er kunnugt um stendur nú yfir skipulagsvinna um svæðið í kringum Eiðistorgið eða miðbæinn.

Til að unnt sé að skoða torgið í

sögulegu samhengi hefur Bókasafn Seltjarnarness fengið arkitekt þess, Ormar Þór Guðmundsson, til að fjalla um hugmyndafræðina að baki torginu og hvernig þróun torgsins hefur verið frá því það var tekið í notkun á níunda áratug síðustu aldar. Fyrirlesturinn fer fram í Bókasafninu þriðjudaginn 3. maí kl. 17 og eru allir velkomnir.

Fyrirlesturinn er hluti af dagskrá Bókasafns Seltjarnarness þar sem áhersla er lögð á hönnun og arkitektúr.



Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Nú stendur yfir innritun í
Tónlistarskóla Seltjarnarness
fyrir skólaárið 2016-2017.

Innritunin fer fram á
www.seltjarnarnes.is undir

Minar síður í hægra horni efst.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans
alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólabraut
Sími 5959-235 •
tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is

Skólastjóri

www.n1.is facebook.com/enneinn

Rúllaðu inn í sumarið á nýjum dekkjum

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á www.n1.is

MICHELIN
Quality Dealer
2016



Michelin CrossClimate

Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.
Dekk sem henta margbreytilegum
íslenskum aðstæðum sérlega vel
og veita frábæra aksturseginnleika.



Michelin Energy Saver

Margverðlaunuð fyrir veggrip,
endingu og eldsneytissparnað.



Michelin Primacy 3

Einstakir aksturseginnleikar.
Frábært grip og góð vatnslosun.
Ein bestu sumardekkinn
á markaðnum í dag.

Hjólbarðþjónusta N1

Bildshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394

Opið
mán - fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

Hluti af vorinu



FÉLAGSSTARF ELDRÍ BÆJARBÚA Á SELTJARNARNESI

MAMMA MIA, VORFAGNAÐUR OG GRUNDFJÖRÐUR

Nú stýttist í betri tíð með blóm í haga eftir langan og strangan vetur. Daginn er farið að lengja svo um munar og drunginn vikur fyrir birtunni bæði í anda og veruleika.

Fyrsta óvissuferðin okkar á árinu var farin um miðjan febrúar en þá heimstóttum við **Listasafn Íslands við Fríkirkjuveg**. Þar eru í gangi merkilegar sýningar gömlu meistaranna í málalist sem gaman og fróðlegt var að skoða með leiðsögn.

Bæði **Varðan** og **Lions** eru búin að halda sín spilakvöld með eldri bæjarbúum, annað í febrúar og hitt í mars. Margt var um manninn bæði kvöldin sem heppnuðust vel og sendum við okkar bestu þakki til Vörðunnar og Lions fyrir skemmtileg kvöld, flotta vinninga og frábærar veitingar.

Fimmtudaginn 25. febrúar var svo komið að **nikkukvöldinu** sem var vel sótt.

Dansað var undir nikkuspili Sveins Sigurjónssonar og Ingibjörg Hanneasar spilaði undir fjöldasöng. Gott og skemmtilegt kvöld með glöðu og kátu fólki og góðum veitingum. Í mars vildi svo til að **bingó** var spilað þrisvar sinnum þann mánuðinn. Fyrsti bingó dagurinn var okkar fasti fimmtudagur, næst var það bingóið í **Golfskálanum** og síðan **páskaeggjabingóið** í kirkjunni. Það verður að segjast eins og er að þátttakan var framar vonum, sem sýnir okkur að bingó hentar sem dægrastytting fyrir alla aldurshópa. Sunnudaginn 20. mars bauð **Þjóðleikhúsið** eldri bæjarbúum á Nesinu á sýninguna **Sporvagninn Girnd**. Yfir 50 manns þáðu boðið og fjölmenntu í leikhúsið. Samverukvöld yngri og eldri var svo í **Selinu** miðvikudaginn 30. mars, og spiluðu menn bocchia af miklum eldmóði og spenningi. Það verður að segjast eins og er að þessi samverukvöld eru alltaf skemmtileg og ákveðið tilhlökkunarferni.

Næstu daga og vikur verður dagskráin með hefðbundnu sniði hvað varðar námskeið og fasta liði. Vert er þó að geta þess að **Kristín G. Sæmundsdóttir** hjúkrunarfræðingur kemur í heimsókn miðvikudaginn 6. apríl og ætla hún að tala um gildi hreyfingar hjá eldra fólki og miðvikudaginn 13. apríl fáum við heimsókn frá **Hrönn Baldursdóttur** sem verður með hannyrða- og smávörur til sölu vegna söfnunar í styrktarsjóð fyrir unga langveika stúlku. Báðir þessir atburðir verða í salnum á **Skólabraut og hefjast kl. 13.30**. Allir velkomnir og fólk hvatt til að fjölmenna.

Leikhúsfærð í **Borgarleikhúsið** á söngleikinn **Mamma Mia** verður fimmtudaginn 28. apríl. Við fengum úthlutað takmörkuðu magni af miðum og þegar þessar línur eru skrifaðar eru 4 miðar eftir. Förun saman í rútu frá Skólabraut kl. 19.15. Verð kr. 8.000.- (rúta og sýning)

Vorfagnaður/Grillvagninn og skemmtikvöld verður **Þriðjudaginn 3. maí** kl. 19.00 í salnum á Skólabraut en þá komum við saman, borðum góðan mat, njótum tónlistar, gleðjumst og fögnum sumri. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og einnig er hægt að skrá sig í síma 893 9800. Verð kr. 4.500.-

Sameiginleg ferð kirkjunnar og félagsstarfsins verður farin **Þriðjudaginn 10. maí í Grundarfjörð**. Hádegisverður verður snæddur í veitingastofu Bjargarsteins, við heimsækjum Grundarfjarðarkirkju, og skoðum atvinnuháttasafnið í Bjarnarhöfn. Lagt verður af stað frá Skólabraut kl. 9.00 að morgni og er skráning hafin. Verð kr. 7.000.- (Innif. Rúta, aðgangur að safninu og kjöt- eða fiskisúpa) Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og í kirkjunni.

Þess má svo geta að handverkssýningin verður seinni partinn í maí og sumarferðin í byrjun júlí.

Nánar auglýst þegar nær dregur.

Nýjung hjá Snyrtistofunni Leilu


Snyrtistofan Leila Eiðistorgi er með nýjungar í tækni meðferðum.

Nouveau Countour, varanlegar augabrúnir, augnlína, og varalína. Dermatude húðmeðferð, sem örvar alla starfsemi húðarinnar. Varanleg háreyðing, Electrolysis.



UMHVERFISHORNIÐ

Fyrstu vorverkin í garðinum



Nú er tími til að taka fram klippur og til að laga tré og runna. Af trjánum tókum við burt greinar sem hafa brotnað undan snjóþunga og veðrum. Einnig greinar sem stefna í rangar áttir og fyrrsjáanlegt er að endi á húsum eða hindri för vegfarenda.

Of snemmt að hreinsa beðin. Annað sem við getum gert í garðinum núna er að bæla stöngla og rusl frá því í fyrra á fjölæru plöntunum varlega yfir þær, þeim til skjóls gegn vorfrostunum. Enn er of snemmt að „hreinsa“ beðin – og reyndar sjaldan ástæða til. Best er að lofa fjölæru plöntunum að vaxa upp úr fyrningum fyrra árs. Aftur á móti er sjálfsagt að taka svolítið til í garðinum. Tína upp það sem fokið hefur inn í hann eða færst til í veðrum.

Ef mikið er um lauf á grasflötinni er því rakað yfir blómabeðin, þeim til skjóls og áburðar. Og ef mosinn er uppivöðslusamur í grasflötinni fer að verða tímabært að undirbúa einhverjar aðgerðir gegn honum. Ef garðurinn er í góðu skjóli og gras byrjað að grænka er upplagt að mosatæta núna. Sé enn frost í jörðu borgar sig að bíða með það þangað til það er farið.

Fyrir okkur sem erum bráðlát og skrautgjörn og viljum fá „lit og líf“ í garðinn strax má víða fá blómstrandir vorlykla og smápáskalliljur sem geta staðið úti í blómakerum og láta ekkert á sjá þótt eitthvað sé um vorhraglanda. Upplagt að útbúa sér samplöntun af slíkum gersemum og sígrænum barrtrjám, sem nóg framboð er af, og láta standa á tröppunum, svölunum eða sólpallinum.

Dagur umhverfis 25. apríl

Dagur umhverfisins á Íslandi á sér ekki ýkja langa sögu. Tilurð hans var með þeim hætti að þann 25. apríl árið 1999 tilkynnti ríkisstjórn Íslands, að ákvörðun hafi verið tekin um að tileinka „umhverfinu“ einn dag ár hvert og var dagsetningin ákveðin 25. apríl fyrir valinu. Það er fæðingardagur Sveins Pálssonar en hann var fyrstur Íslendinga til að nema náttúruvísindi og lauk námi í frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1791. Hann var einna fyrstur til að hvetja til aðgerða gegn skógareyðingu á Íslandi og orðaði þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.

Hreinsunarvika á Seltjarnarnesi dagana 20. maí – 27. maí

Hreinsunarvika verður á Seltjarnarnesi vikuna 20. maí til 27. maí nk. Þessa daga gefst bæjarbúum kostur á að setja bundnar trjágreinar og jarðvegúrgang í pokum út á gangstétt. Starfsmenn bæjarins munu þessa viku hirða upp úrganginn. Vinsamlegast gætið þess að hafa pokana ekki of þunga. Nánari upplýsingar varðandi hreinsunarkvöðuna verða kynntar síðar.

Ýmsar heimildir.

F.h. umhverfisnefndar Margrét Pálsdóttir, formaður.

Leið að farsælli öldrun

Á fundi bæjarráðs 8. apríl síðastliðinn var samþykkt að ganga til samstarfs við Janus Guðlaugsson ípróttá- og heilsufræðing um þriggja ára verkefni sem hann kallar Fjölpætt heilsurækt í sveitarfélögum – Leið að farsælli öldrun. Markmiðið með verkefninu og þátttöku

Seltjarnarnesbæjar er að hvetja eldri borgara á Seltjarnarnesi til þess að taka þátt í og auka reglulega hreyfingu.

Vitað er að hreyfgeta versnar með aldri ef fólk stundar ekki reglulega líkamsþjálfun. Jákvæð áhrif reglulegrar hreyfingar eru fjölpætt. Hreyfifærni

almennt eflist, styrkur og þol eykst, einnig liðleiki, áhrif á blóðþrýsting eru jákvæð og fólk gengur betur að halda holdafari í æskilegu horfi.

Rannsóknir Janusar sýna að með því að stunda reglulega hreyfingu og líkamsrækt eykur eldra fólk möguleika á að bæta lífsgæði sín, s.s. að geta lifað lengur sjálfstæðu lífi á eigin heimili, auðveldla sér athafnir daglegs lífs og koma í veg fyrir eða fresta stofnanavist.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegs sumars og þökkum viðskiptin í vetur.

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Glæný Vísnaþók með geisladiski
Fæst í helstu bókaþúðum



Útgefandi
Tónagull

Vísnaþók - Vísur og þulur fyrir börn í fangi



Helga Rut



Pétur Ben



Mæja

UMFERÐ HUNDA OG KATTA 2016



ORÐSENDING TIL HUNDA- OG KATTAEIGENDA

Að gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti.

Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla.

**HUNDABANN
GILDIR Í GRÓTTU ALLT ÁRIÐ**

LAUSAGANGA HUNDA ER **ALGERLEGA BÖNNUÐ** Á SELTJARNARNESI



Gróttu í þriðja sæti á bikarmóti



Lið Gróttu í 4. þrepi: Lilja, Karólína, Hildur, Ragnheiður Vala, Birna, Viktoría og Helena.

Bikarmót FSÍ í 4. og 5. þrepi var haldið helgina 4. til 6. mars 2016 í umsjón Fimleikadeild Bjarkar og Fimleikadeild Fjölnis og átti Gróttu 36 keppendur á mótinu.

Gróttu varð í 3. sæti í 4. þrepi, í liðinu voru þær Birna Kristín Einarsdóttir, Helena Sólrún Oddsdóttir Holt, Hildur Arnaldsdóttir, Karólína Snót Georgsdóttir, Lilja Hugrún L. Pétursdóttir, Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir og Viktoría Ósk

Kjærsted. Gróttu varð í 2. sæti í 5. þrepi, í liðinu voru þær Agnes Sólbjört Helgadóttir, Arna Geirsdóttir, Bergdís Katla Birgisdóttir, Brynhildur Glúmsdóttir, Freyja Hannesdóttir, Margrét Lára Jónsdóttir og Sara Gunnlaugsdóttir. Þjálfarar stúlkanna eru þau Svetlana Nazarova, Gabriella Belányi, Sesselja Järvelä, Anna Sóley Jensdóttir, Zoltán Kiss og Tinna Rut Traustadóttir.



Meistaraflokkur karla í knattspyrnu á Spáni.

Meistaraflokkur karla á Spáni

Í lok mars hélt meistaraflokkur Gróttu karla í knattspyrnu til Spánar í æfingaferð. Æft var við bestu aðstæður á Campoamor svæðinu en veðrið lék við Gróttumenn allan tímann. Æft var á hverjum degi og stundum tvisvar á dag en þess á milli hvíldu menn lúin bein í góðu yfirlæti á sundlaugarbakkanum, golfvöllinum eða jafnvel á rólegum stað með námsbækur við hönd.

Nýliðar í meistaraflokki fengu að spreya sé á ýmsum skemmtilegum

þrautum á sérstökum nýliðadegi og þá sigruðu ungu strákarnir í leiknum „ungir vs. gamlir“ í æsispennandi leik sem fór í framlengingu og vítaspyrnukeppni. Með í för voru 22 leikmenn ásamt þjálfurunum Úlfi og Ásgeiri, Pétri Már fararstjóra og Hilmari formanni. Nú styttist aldeilis í átökin hjá meistaraflokki en keppni í 2. deildinni hefst 6. maí. Gróttuliðið er nú að miklu leyti skipað uppöldum Gróttumönnum sem verður verður sannarlega gaman að fylgjast með í sumar.

Gróttukrakkar í hæfileikamótun KSÍ

Í mars boðaði KSÍ glæsilegan hóp 4. flokks leikmanna á svokallaðar hæfileikamótunaræfingar. Gróttu átti þar flotta fulltrúa en með 2003 hópi drengja æfðu þeir Hannes Ísberg Gunnarsson, Kjartan Kári Halldórsson og Ómar Ingi Halldórsson og með 2002 hópnunum æfðu Arnþór Páll Hafsteinsson, Gunnar Hrafn Páls-son og Sindri Freyr Jóhannsson.

Hjá stelpunum mættu þær María Lovísa Jónasdóttir og Margrét Rán Rúnarsdóttir galvas- kar með 2003 hópnunum og Anja Ís- s Brown með 2002 hópnunum. Stöll- ur þeirra úr 4. flokki Gróttu/KR, þær Alma Gui Mathiesen, Ástrós Kristinsdóttir, Emilía Ingvadóttir, Kristín Erla Johnson og Margrét Edda Bjarnadóttir voru einnig á æfingunum og því óhætt að



segja að framtíðin sér björt í kvennaboltanum á Nesinu og í Vesturbænum. Krakkarnir stóðu sig öll með mikilli þrýði og munu vonandi taka þessa góðu reynslu með sér inn í fótboltasumarið sem er jú bara rétt handan við hornið.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER
170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

4. flokkur kvenna deildarmeistari



Eldra árið í 4. flokkur kvenna í handknattleik varð deildarmeistarar í 2. deild en þær töpuðu aðeins einum leik í deildinni í vetur.

Við óskum þeim innilega til hamingju með flottan árangur.

Framundan hjá þeim eru 8 liða úrslit Íslandsmótsins þar sem þær mæta Fram í Safamýrinni. Það verður spennandi að fylgjast með stúlkunum í úrslitakeppinni.

Gróttustelpurnar í undanúrslit

Gróttta er komið í undanúrslit Olís-deildar kvenna í handbolta eftir tveggja marka sigur á Selfossi á Selfossi, 23-21.

Lokatölur í þessu einvígi því 2-0 og Gróttta getur því enn varið Íslandsmeistaratítilinn frá því í fyrra.

Þegar þetta er skrifa er Gróttta 1-0 undir í einvígi sínu við ÍBV í 8 liða úrslitum úrslitakeppni karla í handbolta og tapaðist fyrsti leikur inn í Vestmannaeyjum 32-27.

VORLOKUN SUNDLAUGAR

Sundlaug Seltjarnarnes verður lokuð frá og með **sunnudeginum 8. maí** til og með **föstudeginum 13. maí** vegna viðhalds og þrifa.

Opnað verður svo **kl. 8 á laugardaginn 14. maí.**

Með kveðju frá starfsfólki sundlaugar.



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Gissur Ari Kristinsson, hann var nýlega að leikstýra árs hátíðarleikriti Valhúsaskóla en að þessu varð söngleikurinn "Hárið" fyrir valinu. Gissur hefur einnig unnið gott starf með Ungmennaráði Seltjarnarness og er að auki á öðru ári í Tólmstunda- og félagsmálafræði í Háskóla Íslands.

Fullt nafn? Gissur Ari Kristinsson.

Fæðingard. og ár? 11. febrúar 1993.

Starf? Ég vinn í Selinu, þjálfá hjá Grótttu og sel fót hjá Galleri 17.

Farartæki? Toyota bifreið foreldra minna.

Helstu kostir? Fróðleiksfýsni og með auga fyrir smáatriðum.

Eftirlætis matur? Dominos Pizza, mæli með S: 5812345.

Eftirlætis tónlist? Ef það endar á Morthens þá hlusta ég á það!

Eftirlætis íþróttamaður? Vonastjarna Grótttu, Daði Már Jóhannsson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Nathan for You, frábærir þættir.

Besta bók sem þú hefur lesið? Áin eftir Bubba Morthens.

Uppáhalds leikari? Valur Freyr Einarsson.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Blindsker, frábær ræma þar á ferð!

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Ef ég á að vera alveg heiðarlegur þá spila ég mikið FIFA.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Vatnsmýrin í Reykjavík.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Að fólk taki sig ekki of alvarlega.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ég hef hitt Bubba, þannig svarið er LeBron James. Við gætum farið vel yfir málin.



Uppáhalds vefsíða? Twitter.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Playstation 4.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Taka börnin og konuna í vikufé til Costa Del Sol. Öllu til tjaldað!

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi

byrja að selja svindlsamlokur í Systrasamlaginu og opna Pizzahöllina aftur á Austurströnd.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að vera hamingjusamur.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Flórida með fjölskyldunni, brúðkaup á Hvammstanga og endaði sumarið á frábæri ferð til Finnlands með Ungmennaráði Seltjarnarness.



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNLSA



góðgæti frá Jóa Fel

Sumardagurinn fyrsti að hætti Jóa Fel

Fögnum sumri með góðu bakkelsi frá Jóa Fel.

Bakaríð við Hringbraut er opið alla virka daga
frá kl. 7 - 18 og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut